

TILSKIPUN RÁÐSINS 98/49/EB

frá 29. júní 1998

um verndun viðbótarlífeyrissréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 51. og 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Frelsi einstaklinga til flutninga er á meðal grundvallarréttinda bandalagsins. Sáttmálinn kveður á um að ráðið skuli samþykkja samhljóða nauðsynlegar ráðstafanir á sviði almannatrygginga til þess að vinnandi menn fái notið frelsis til flutninga.
- 2) Félagslegt öryggi vinnandi manna er tryggt með lögboðnum almannatryggingakerfum sem eru studd viðbótaralmannatryggingakerfum.
- 3) Sú löggjöf, sem ráðið hefur þegar samþykkt með það fyrir augum að vernda rétt vinnandi manna sem flytjast milli aðildarríkja og aðstandenda þeirra til almannatrygginga, nánar tiltekið reglugerðir ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽⁴⁾ og (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu

almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽⁵⁾, á aðeins við um lögboðin lífeyriskerfi. Samræmingarkerfið, sem kveðið er á um í þessum reglugerðum, nær ekki til viðbótarlífeyriskerfa nema þeirra sem falla undir hugtakið „löggjöf“ eins og það er skilgreint í fyrstu undirgrein j-liðar 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og þeirra kerfa sem aðildarríki hefur gefið út yfirlýsingu um samkvæmt þeirri grein.

- 4) Ráðið er sveigjanlegt að því er varðar val á heppi-legustu ráðstöfunum til að ná markmiði 51. gr. sáttmálans. Samræmingarkerfið, sem kveðið er á um í reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) 574/72, einkum reglurnar um söfnun, tekur ekki til viðbótarlífeyriskerfa nema þeirra kerfa sem falla undir hugtakið „löggjöf“ eins og það er skilgreint í fyrstu undirgrein j-liðar 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og þeirra kerfa sem aðildarríki hefur sett fram yfirlýsingu um samkvæmt þeirri grein og ber að grípa til sérstakra ráðstafana vegna þeirra er taki tillit til sérstaks eðlis og einkenna kerfa af þessu tagi, svo og fjölbreytileika þeirra innan hvers aðildarríkis og frá einu aðildarríki til annars, og er þessi tilskipun fyrst þeirra ráðstafana.
- 5) Lífeyrir eða bætur skulu aldrei heyra undir hvoru tveggja ákvæði tilskipunar þessarar og reglugerðanna (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) 574/72 og því fellur ekkert viðbótarlífeyriskerfi, sem heyrir undir þessar reglugerðir vegna þess að aðildarríki hefur gefið út yfirlýsingu þess efnis samkvæmt j-lið 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, undir ákvæði þessarar tilskipunar.
- 6) Í tilmælum sínum nr. 92/442/EBE frá 27. júlí 1992 um samleitni markmiða og stefna á sviði almannatrygginga ⁽⁶⁾ mælti ráðið svo fyrir að aðildarríkin skyldu „þar sem þörf er á, stuðla að breytingum á ríkjandi aðstæðum við öflun lífeyris, einkum viðbótarlífeyrissréttinda, með það fyrir augum að ryðja hindrunum úr vegi launþega með tilliti til flutninga“.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 209, 25.7.1998, bls. 46, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/1999 frá 25. júní 1999 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 5, 9. 1. 1998, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 152, 18. 5. 1998.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 157, 25. 5. 1998, bls. 26.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 149, 5. 7. 1971, bls. 2. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1223/98 (Stjtið. EB L 168, 13. 6. 1998, bls. 1).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 74, 27. 3. 1972, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1223/98 (Stjtið. EB L 168, 13. 6. 1998, bls. 1).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 245, 26. 8. 1992, bls. 49.

- 7) Að þessu markmiði má vinna með því að tryggja vinnandi mönnum, sem flytja búferlum milli aðildarríkja eða starfa á vinnustað sem fluttur er milli aðildarríkja, jafna meðferð að því er varðar verndun viðbótarlífeyrissréttinda þeirra á við þá vinnandi menn sem búa áfram á sama stað eða starfa á vinnustað sem fluttur er innan sama aðildarríkis.
- 8) Frelsi einstaklinga til flutninga, sem er á meðal grundvallarréttinda þeirra sem sáttmálinn felur í sér, einskorðast ekki við launþega heldur nær einnig til sjálfstætt starfandi einstaklinga.
- 9) Sáttmálinn veitir ekki frekari heimild til að gera viðeigandi ráðstafanir á sviði almannatrygginga fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga en þá sem um getur í 235. gr.
- 10) Til að tryggja að unnt sé að neyta réttarins til frjálsra flutninga ætti að veita vinnandi mönnum og öðrum réttihöfum sérstaka tryggingu fyrir jafnri meðferð að því er varðar varðveislu áunninna lífeyrissréttinda í viðbótarlífeyriskerfum.
- 11) Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að bætur samkvæmt viðbótarlífeyriskerfum séu greiddar núverandi og fyrirverandi félögum, sem og öðrum réttihöfum slíkra kerfa í öllum aðildarríkjunum í ljósi þess að hvers konar takmarkanir á frjálsum flutningi greiðslna og fjármagns eru bannaðar samkvæmt 73. gr. b í sáttmálanum.
- 12) Til þess að greiða fyrir því að unnt sé að neyta réttarins til frjálsra flutninga ber að aðlagja reglur einstakra ríkja, þar sem nauðsyn ber til, þannig að launþegar, sem starfa utan aðalstöðva í öðru aðildarríki, geti haldið áfram að greiða, eða að greiða megi áfram fyrir þeirra hönd, iðgjöld til viðbótarlífeyriskerfis í aðildarríkinu í samræmi við II. bálk reglugerðar (EBE) nr. 1408/72.
- 13) Í þessu skyni krefst sáttmálinn ekki aðeins þess að afnumin verði hvers kyns mismunun vinnandi manna í aðildarríkjunum á grundvelli þjóðernis heldur einnig að fallið verði frá hverjum þeim ráðstöfunum innan ríkja sem má telja að muni hindra vinnandi menn í eða letja þá til að neyta þeirra grundvallarréttinda sem sáttmálinn tryggir, eins og þau eru túlkuð af dómstóli Evrópubandalaganna í röð dómsúrskurða.
- 14) Vinnuveitendum, fjárvörsluaðilum og öðrum sem bera ábyrgð á stjórn viðbótarlífeyriskerfa ber að veita vinnandi mönnum, sem neyta réttar síns til frjálsra flutninga, nægar upplýsingar, einkum varðandi þá valkosti sem þeim standa til boða.

- 15) Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á lög aðildarríkjanna um sameiginlegar aðgerðir til að verja hagsmuni atvinnugreina og starfsstétta.
- 16) Vegna þess hve viðbótarlífeyriskerfi eru margbreytileg ber bandalaginu aðeins að setja fram almenn markmið og er tilskipun viðeigandi löggæringur í því tilliti.
- 17) Í samræmi við dreifræðisregluna og meðalhófsregluna eins og þær eru settar fram í 3. gr. b í sáttmálanum fá aðildarríkin ekki náð markmiðum tilskipunar þessarar á fullnægjandi hátt og verður þeim betur náð á vettvangi bandalagsins. Í tilskipun þessari er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

1. gr.

Markmið tilskipunar þessarar er að standa vörð um réttindi félaga í viðbótarlífeyriskerfum sem flytja frá einu aðildarríki til annars og stuðla þannig að því að ryðja úr vegi hindrunum fyrir frjálsum flutningum launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga innan bandalagsins. Slík vernd tekur jafnt til lífeyrissréttinda í valfrjálsum sem skyldubundnum viðbótarlífeyriskerfum, að undanskildum þeim sem heyra undir reglugerð (EBE) nr. 1408/71.

2. gr.

Tilskipun þessi gildir um félaga í viðbótarlífeyriskerfum og aðra réttihafa í slíkum kerfum sem öðlast hafa réttindi eða eru að afla sér þeirra í einu eða fleiri aðildarríkjum.

II. KAFLI

SKILGREININGAR

3. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „viðbótarlífeyrir“: eftirlaunalífeyrir og, þar sem kveðið er á um slíkt í reglum viðbótarlífeyriskerfa sem sett eru á stofn í samræmi við innlenda löggjöf og réttarvenju, örorku- og eftirlífendabætur sem eiga að koma til viðbótar eða í stað þeirra sem lögboðin almannatryggingakerfi greiða í sömu tilvikum;

- b) „viðbótarlífeyriskerfi“: hvers kyns atvinnutengd lífeyriskerfi sem eru stofnuð í samræmi við innlenda löggjöf og réttarvenju, svo sem hóptryggingasamningar eða gegnumstreymiskerfi, sem ein eða fleiri greinar eða geirar hafa komist að samkomulagi um, kerfi fjármagnað með iðgjöldum eða skuldfært í efnahagsreikningum fyrirtækis eða hvers kyns sameiginlegt eða annað samsvarandi fyrirkomulag sem ætlað er að veita launþegum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum viðbótarlífeyri;
- c) „lífeyrisréttindi“: hvers kyns bætur sem félagar kerfis og aðrir réttihafar eiga rétt á samkvæmt reglum um viðbótarlífeyriskerfi og, þar sem við á, samkvæmt landslögum;
- d) „áunnin lífeyrisréttindi“: hvers kyns réttur til bóta sem fæst að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í reglum viðbótarlífeyriskerfis og, þar sem við á, samkvæmt landslögum;
- e) „launþegi sem starfar utan aðalstöðva“: einstaklingur sem er sendur til starfa í öðru aðildarríki en heyrir áfram undir löggjöf upprunaríkisins samkvæmt skilmálum II. bóls reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og ber að túlka „starf utan aðalstöðva“ á samsvarandi hátt;
- f) „iðgjald“: hvers kyns greiðsla sem innt er af hendi eða sem skoðast innt af hendi til viðbótarlífeyriskerfis.

III. KAFLI

RÁÐSTAFANIR TIL VERNDUNAR VIÐBÓTARLÍFEYRISRÉTTINDUM VINNANDI MANNA SEM FLYTJAST Á MILLI AÐILDARRÍKJA

4. gr.

Jöfn meðferð að því er varðar varðveislu lífeyrisréttinda

Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja varðveislu áunninna lífeyrisréttinda félaga í viðbótarlífeyriskerfum, sem iðgjöld eru ekki lengur innt af hendi fyrir vegna flutnings félaga frá einu aðildarríki til annars, í sama mæli og það tryggir varðveislu réttinda félaga sem iðgjöld er ekki lengur innt af hendi fyrir en búa enn í sama aðildarríki. Grein þessi gildir einnig um aðra réttihafa samkvæmt reglum hlutaðeigandi viðbótarlífeyriskerfis.

5. gr.

Greiðslur milli landa

Aðildarríkjum ber að tryggja að viðbótarlífeyriskerfi inni af hendi vegna félaga sinna, sem og annarra réttihafa kerfisins, allar gjaldkræfar bótagreiðslur samkvæmt slíkum

kerfum í öðrum aðildarríkjum að frádregnum hvers kyns sköttum og gjöldum vegna færslna ef við á.

6. gr.

Iðgjöld launþega sem starfa utan aðalstöðva, eða fyrir hönd þeirra, til viðbótarlífeyriskerfa

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að launþegar, sem starfa utan aðalstöðva og eiga aðild að viðbótarlífeyriskerfi, sem stofnað er í einu aðildarríki, geti haldið áfram að greiða, eða að greiða megi fyrir þeirra hönd, iðgjöld til slíks kerfis á starfstíma sínum utan aðalstöðva í öðru aðildarríki.

2. Ef greiðslu iðgjalda til viðbótarlífeyriskerfis er haldið áfram samkvæmt 1. mgr. er launþegi sem starfar utan aðalstöðva og vinnuveitandi hans, eftir því sem við á, undanþeginn allri skyldu til að greiða iðgjöld til viðbótarlífeyriskerfis í öðru aðildarríki.

7. gr.

Upplýsingar til félaga

Aðildarríki skulu gera ráðstafanir til að tryggja að vinnuveitendur, fjárvörsluaðilar og aðrir sem bera ábyrgð á stjórn viðbótarlífeyriskerfa veiti félögum nægar upplýsingar um lífeyrisréttindi sín og valkosti samkvæmt reglum kerfisins þegar þeir flytjast til annars aðildarríkis. Slíkar upplýsingar skulu að minnsta kosti svara til þeirra upplýsinga sem veittar eru félögum sem iðgjöld eru ekki lengur greidd fyrir en búa áfram í sama aðildarríki.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

8. gr.

Aðildarríkjum er heimilt að mæla svo fyrir að ákvæði 6. gr. gildi einungis um störf utan aðalstöðva er hefjast 25. júlí 2001 eða síðar.

9. gr.

Aðildarríki skulu fella inn í réttarkerfi sín nauðsynlegar ráðstafanir til að þeir einstaklingar, sem telja að gert hafi verið á þeirra hlut með því að ákvæðum tilskipunar þessarar hafi ekki verið beitt, geti, eftir að hafa skotið málinu til annarra lögbærra yfirvalda, ef við á leitað réttar síns fyrir dómstólum.

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 36 mánuðum eftir gildistöku hennar eða

tryggja að aðilar vinnumarkaðarins taki upp nauðsynleg ákvæði í samningi í síðasta lagi þann dag. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að þeim sé ætíð unnt að ábyrgjast framkvæmd þess sem tilskipun þessi mælir fyrir um. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja ákvæði þessi skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin setja reglur um slíka tilvísun.

Þau skulu gefa framkvæmdastjórninni upplýsingar um hvaða innlend yfirvöld beri að hafa samband við varðandi beitingu tilskipunarinnar.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til eigi síðar en 25. janúar 2002.

3. Á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina innan sex ára frá gildistöku tilskipunar þessarar.

Í skýrslunni skal fjallað um beitingu tilskipunarinnar og gerðar tillögur um breytingar sem kunna að reynast nauðsynlegar, þar sem við á.

11. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

12. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 29. júní 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

R. COOK

forseti.